



Dagsetning: _____

Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá

Samkvæmt breytingum þeim sem samþykktar voru á Alþingi þann 17. desember 2010 á lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 segir í 43. gr:

„Óheimilt er að ráða í störf hjá sveitarfélögum, þ.m.t. byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk, hvort sem þjónustan er veitt á heimili fatlaðs einstaklings, á öðrum heimilum eða stofnunum, þá sem hafa hlotið refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Stjórnendur hjá sveitarfélögum, ríki eða einkaaðilum sem fara með þjónustu við fatlað fólk eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn umsækjandi um starf á þeirra vegum hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga eða annarra ákvæða sömu laga að fengnu samþykki hans“

Undirrituð/aður umsækjandi um starf í þjónustu við fatlað fólk hjá starfseiningunni _____ veitir stjórnanda/vinnuveitanda heimild til að afla um sig upplýsinga úr sakaskrá varðandi eftirtalda brotaflokk:

1. Kynferðisbrot skv. 22. kafla almennra hegningarlaga (engin tímatakörk).
2. Önnur ofbeldisbrot skv. 23. og 24. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. refsídóma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.
3. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þ.e. refsídóma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.

Heimild þessi er veitt af fúsum og frjálsum vilja í því skyni að uppfylla lagaskilyrði fyrir ráðningu í ofangreint starf.

Undirskrift og kennitala umsækjanda

Vottar að rétttri undirskrift:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Megintilgangurinn með upplýsingaöflun þessari úr sakaskrá er að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um kynferðisbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Ráðning er óheimil ef sú er raunin. Jafnframt er tilgangurinn sá að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um aðra refsiverða háttsemi af því tagi að hann/hún telst ekki verður eða hæfur til að gegna því starfi sem um ræðir. Við það mat er litið til þess hvenær brot var framið, eðli þess og alvarleika.

Þær upplýsingar sem hér um ræðir teljast til „viðkvæmra persónuupplýsinga“ í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og fellur söfnun þeirra, notkun og önnur vinnsla almennt undir gildissvið laganna. Ábyrgðaráðila/sveitarfélagi er skylt skv. 11. gr. laganna að gera viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þessar, þar á meðal gegn óleyfilegum aðgangi. Viðkomandi á m.a. rétt á að fá vitneskju um þær ráðstafanir sem gerðar eru í þessum efnum sem og hvaða upplýsingar hafa borist um hann og efni þeirra, sbr. 18. gr. laganna.

Um sakaskrá ríkisins gildir reglugerð nr. 569/1999 með síðari breytingum (reglugerðir nr. 451/2007 og 716/2007). Ákvæði um færslu upplýsinga í sakaskrá eru í II. kafla reglugerðarinnar. Þar segir í 3. gr:

„Í sakaskrá skal færa upplýsingar um opinber mál á hendur einstaklingi eða lögaðila þegar máli er lokið með:

- a) Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.
- b) Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á öðrum lögum, nema umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda- eða leyfissvipting eða dæmd sekt 50.000 krónur eða hærri.
- c) Lögreglustjórásátt í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.
- d) Dómi, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórásátt í máli vegna brots á umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim þegar sekt er hærri en 100.000 krónur eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar.
- e) Sektargerð lögreglustjóra eða tollstjóra í máli vegna brots á öðrum lögum þegar sekt er 50.000 krónur eða hærri eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar.
- f) Ákærufrestun.

Einnig skal færa upplýsingar um mál í sakaskrá þegar niðurstaða þess hefur samkvæmt heimild í viðkomandi lögum ítrekunaráhrif á síðara brot. Sýknudóma skal ekki færa í sakaskrá nema sýkna byggist á 15. gr. almennra hegningarlaga. Þó skal færa í sakaskrá sýknudóma sem áfrýjað er.“